

***Innflutningur á bifreið**

Úrskurður nr. 7/1999.

Í máli þessu er ágreiningur um tollverð bifreiðar sem keypt var í Þýskalandi. Tollstjóri ákvarðar tollverð skv. 20.-21 gr. reglugerðar nr. 374/1995. Kærandi gerir kröfu um að reikningur fyrir kaupnum verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Ríkistollanefnd staðfesti ákvörðun tollstjóra.

Lög nr. 55/1987. 8.gr., 10.gr., 100.gr.og 101.gr. Reglugerð 374/1995, 2.-3.gr., 7.-8.gr., 10.-15.gr., 17.-21.gr. Lög nr. 33/1944 77.gr.

Með bréfi, dags. 16. júní 1999, sem barst nefndinni sama dag, kæra L.M fyrir hönd O úrskurð tollstjóra frá 21. apríl 1999. Í hinum kærða úrskurði er tollverð bifreiðar af gerðinni "Mercedes Benz E-220", fastanúmer A árgerð 1994, ákvarðað kr. 1.114.825.-. Bifreiðin kom til landsins í sendingu nr. S ARN 10-03-9- DE HAM V021. Kærandi gerir þá kröfu að reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni að fjárhæð DEM 17.000.- verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu.

Um rökstuðning fyrir kæru vísar umboðsmaður kæranda til kæru sem send var tollstjóranum 9. apríl 1999, ásamt fylgigögnum. Umboðsmaðurinn áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins hefur aflað ásamt ítarlegum rökstuðningi. Er þess farið á leit við nefndina að beðið verði með ákvörðun í málinu þar til þeim gögnum hefur verið komið á framfæri. Í áður nefndri kæru til tollstjóra segir að stjórnarformaður og framkvæmdastjóri O hafi verið búsettur í Þýskalandi um nokkurra ára skeið og hafi sérhæft sig í að finna og kaupa notaðar bifreiðar og hafi hann löggildingu sem bílasali þar í landi. Hann hafi sérhæft sig í kaupum á ákveðnum tegundum bifreiða og flutt hátt á annað hundrað bifreiðar hingað til lands frá Þýskalandi. Þessi sérhæfing og staðgreiðsluviðskipti hafi gert það að verkum að hann hafi átt hægara um vik að gera góð kaup en hinn almenni kaupandi. Þá er því haldið fram að sala á notuðum bifreiðum í Þýskalandi hafi dregist saman frá því á miðju síðast liðnu ári og er bágbornu efnahagsástandi í Rússlandi kennt um. Umboðsmaður kæranda telur eðlilegt að reikningar vegna bifreiðakaupa umbjóðanda hans séu nokkuð undir þeim verðum sem upp eru gefin í verðviðmiðunarlistum á notuðum bifreiðum í Þýskalandi. Listaverðin séu meðaltalsverð miðað við eðlilegan akstur og ástand bifreiða og þar sé ekki tekið tillit til frávik milli einstakra bifreiða. Þá er því haldið fram að kærandi hafi flutt inn nokkurn fjölda bifreiða frá Þýskalandi sömu tegundar og árgerðar og bifreið sú sem hér er deilt um verð á.

Þá segir umboðsmaður kæranda að það sé meginregla að leggja beri viðskiptaverð vöru til grundvallar við ákvörðun tollverðs nema tollstjóri hafi réttmæta ástæðu til að draga sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð í efa og skýringar innflytjanda séu ekki fullnægjandi. Með ákvörðun sinni hafi sýslumaður sett umbjóðanda sinn í þá erfiðu aðstöðu að þurfa að sanna með einhverjum hætti að uppgefið kaupverð sé rétt. Lagður hafi verið fram lögmætur reikningur fyrir kaupnum í Þýskalandi ásamt skýringum á markaðsaðstæðum og því hafi hann talið sig geta treyst því að tollákvörðun yrði byggð á reikningnum sjálfum en ekki sjálfstæðu mati starfsmanna tollyfirvalda. Þetta hafi valdið umbjóðanda sínum miklu tjóni og áskilur hann sér rétt til að endurheimta þau gjöld sem hann hafi verið ranglega krafinn um auk bóta.

Í greinargerð hins kærða úrskurðar tollstjóra frá 21. apríl 1999, segir: "Bifreiðin sem er af gerðinni Mercedes Benz E-220 var fyrst skráð 18. nóvember 1994. Íslenskt skrásetningarnúmer er A. Innkaupsverð samkvæmt framlögðum vörureikningi er DEM 17.000 og hefur þá virðisaukaskattur í viðskiptalandinu verið dreginn frá. Flutningsgjald DEM 1.200 er samkvæmt framlögðum skjölum greitt af erlenda seljandanum. Söluverð bifreiðarinnar er því DEM 15.800.-"

Reglugerð nr. 374/1995 kveður á um að innkaupsverð notaðra ökutækja skuli bera saman við viðmiðunarverð í viðurkenndum handbókum í viðskiptalandinu. DAT Marktspiegel er viðurkennd handbók um verð notaðra bifreiða í Þýskalandi. Í bókinni er skráð verð bifreiða af sömu árgerð, tegund og undirtegund og þeirri sem hér er ræðir DEM 24.684 að frádregnum virðisaukaskatti í viðskiptalandinu. Þegar viðmiðunarverð var fundið var tekið tillit til þess að bifreiðinni hafði verið ekið 65.121 km við komuna til landsins. Skoðun á bifreiðinni leiddi í ljós að hún er vel með farin, útlit lýtalaust og ekkert athugasvert var að finna við gangverk.

Embættið óskaði skýringa á lágu viðskiptaverði bifreiðarinnar með bréfi, dags. 19.mars 1999. Innflytjandi segir m.a. í svarbréfi sínu að innkaupsverð bifreiðarinnar sé eðlilegt miðað við markaðsverð í Þýskalandi. Innflytjandi bendir einnig á að sambærilegar bifreiðar hafi verið tollafgreiddar hjá embættinu án athugasemda. Umboðsmaður innflytjanda segir m.a. í kæru sinni að OP framkvæmdastjóri O hafi verið búsettur erlendis um nokkurra ára skeið. Hann sé löggiltur bílasali í Þýskalandi, hafi sérhæft sig í að finna og kaupa notaðar bifreiðar þar í landi eftir óskum kaupenda á Íslandi og búi yfir mikilli sérþekkingu á markaði notaðra bifreiða í Þýskalandi. Ávallt eru bifreiðarnar keyptar gegn staðgreiðslu. Einstakir bílasalar eru reiðubúnir að gefa eftir eigin álagningu vegna mikilla eða væntanlegra viðskipta. Einnig nefnir kærandi að slæmt efnahagsástand í Rússlandi hafi haft sitt að segja í þessum viðskiptum. Sala á notuðum bifreiðum til Rússlands hafi nánast hrunið á undanförunum sex mánuðum og í kjölfarið hafi komið verðlækkun sem útgefendur handbóka um markaðsverð notaðra bifreiða í Þýskalandi geri sér ekki grein fyrir.

Embættið telur að þau rök sem fram hafa komið nægi ekki til að skýra hið lága innkaupsverð bifreiðarinnar og verður því framlagður vörureikningur ekki lagður til grundvallar tollverði. Tollverð verður ákvarðað samkvæmt reglugerð 374/1995. Ekki

er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt 10. til 14. gr. reglugerðarinnar. Tollverð er því ákvarðað samkvæmt 21. gr. reglugerðarinnar. Umboðsaðili hefur lýst því yfir að verð nýrra bifreiða sem teljast sambærilegar þeirri sem hér um ræðir sé kr. 4.298.600.-.

Embættið úrskurðar samkvæmt 100. gr. tollalaga nr. 55/1987 að tollverð bifreiðarinnar A skuli vera 1.114.825.-“

Ríkistollanefnd sendi ríkistollstjóra kærana til umsagnar með bréfi þann 22. júní s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 8. júlí 1999 kemur m.a. fram að ríkistollstjóri er sammála tollstjóra að ekki hafi verið skilyrði til þess að beita ákvæðum 10. til 14. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995 þar sem ekki sé unnt að ganga úr skugga um hvort bifreiðar þær sem kærandi vísar til séu sambærilegar þeirri sem mál þetta varðar. Fyllri upplýsingar vantar um eðli og ástand bifreiðanna en þær eru mismunandi mikið eknar. Ríkistollstjóri krefst þess að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði staðfestur.

Umboðsmanni kæranda var send kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar með bréfi þann 12. júlí. Í svari sem hann sendi nefndinni, dags. 10. ágúst s.l., sem barst nefndinni þann 11. s.m. kemur m.a. fram að auk fyrri kröfu um að reikningur um kaup á bifreiðinni A verði lagður til grundvallar við ákvörðun tollverðs, gerir hann þá varakröfu að tollverð verði viðskiptaverð sams konar bifreiða sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma. Þá segir orðrétt:

”Í 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 4. gr. laga nr. 69/1996, er sett fram sú meginregla að tollverð innfluttra vara skuli vera viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar við sölu þeirra til útflutnings til landsins með tilteknum leiðréttingum, sbr. 9. gr., og að uppfylltum tilteknum skilyrðum 8. gr. Umrædd meginregla tekur til allra vara sem fluttar eru til landsins og engar sérreglur er lengur að finna í tollalögum um ákvörðun tollverðs á notuðum bifreiðum. Í 10. gr. tollalaga er mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja reglugerð eða önnur fyrirmæli um ákvörðun tollverðs og að slíkar reglur taki mið af samningnum um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti (fskj. 1 með frumvarpi til tollalaga). Reglurnar eiga m.a. að tilgreina hvernig tollverð skuli ákvarðað í tilvikum þar sem ekki er hægt að ákvarða tollverð innflutningsvöru skv. 8. gr. tollalaga og enn fremur er ráðherra heimilt að setja reglur um mat á vörum til tollverðs og málsmeðferðarreglur þegar ástæða þykir til að draga í efa sannleiksgildi vörureiknings.”

Þá vitnar umbjóðandi kæranda í reglugerð um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995 sem var sett 4. júlí 1995 með vísan til 10. gr. tollalaga og vekur athygli nefndarinnar á því viðtæka framsali sem honum virðist felast í 10. gr. tollalaga. Þá segir að hvergi virðist vera að finna í tollalögum heimildir til þess að setja sérstakar reglur um ákvörðun tollverðs við innflutning notaðra bifreiða. Sú málsmeðferð sem mælt sé fyrir um í reglugerð 374/1995 í tilvikum þar sem tollstjóri telur að draga megi sannleiksgildi aðflutningsskýrslna með réttu í efa virðist jafnframt eingöngu vera að finna í reglugerðinni. Hann telur að ákvæði 10.gr. tollalaganna og ákvæði umræddrar reglugerðar leiði í raun til þess að það er alfarið á valdi einstakra tollstjóra að meta hvort leggja beri vörureikninga til grundvallar við ákvörðun tollverðs og það án þess að tollstjóri þurfi að sýna fram á eða rökstyðja grun um að umræddir vörureikningar séu ekki réttir. Þar við bætist að reglur um útreikning tollverðs í slíkum tilvikum er eingöngu að finna í reglugerð nr. 374/1995. Kærandi telur að slíkt framsal fái ekki staðist gagnvart 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Í öllu falli beri ríkistollanefnd að hafa 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár í huga við skýringar á ákvæðum umræddra réttarheimilda.

Umboðsmaður kæranda ítrekar að stjórnarmaður og framkvæmda-stjóri O, OP hafi vegna starfa og reynslu sem löggiltur bifreiðasali í Þýskalandi möguleika á að ná hagstæðari verðum á notuðum bifreiðum en almennur neytandi í Þýskalandi getur búist við að ná.

Þá segir orðrétt: ”Verðlistar eins og Dat Marktspiegel og fleiri viðurkenndir listar yfir verð notaðra bifreiða í Þýskalandi geta gefið ágæta mynd af þeim verðum sem reikna má með að sett verði á notaðar bifreiðar í Þýskalandi við sölu. Umræddir listar eru hins vegar einungis til viðmiðunar og frávikin mörg í reynd. Í sumum tilvikum eiga slík frávik skýringar í því að ástand eða útlit bifreiðar þykir vera lakara en árgerð og eknir kílómetrar segja til um. Nokkur verðmunur getur einnig verið milli bifreiða af sömu tegund af þeirri ástæðu einni að eftirspurn eftir tilteknum lit er minni en eftir öðrum litum. Aðstæður eigenda hafa einnig mikið að segja og ekki óalgengt að eigendur bifreiða séu reiðubúnir að selja bifreiðar töluvert undir viðmiðunarverðum þegar fjárförf er mikil eða einhver tregða í sölu. Umbj. m. hefur fullyrt að almennur neytandi eigi að geta gert töluvert betri kaup en umræddir viðmiðunarlistar segja til um með því einu að hafa handbært reiðufé og gefa sér tíma til að kanna markaðinn áður en kaup eru gerð. Aðstæður umbj. m. eru hins vegar töluvert aðrar en hins almenna neytanda þar sem hann starfar eingöngu við kaup og sölu á notuðum bifreiðum og gjörþekkir þýska markaðinn.”

Þá segir að markaður notaðra bifreiða í Þýskalandi sé töluvert frábrugðinn því sem tíðkast hér á landi. Bílasalar í Þýskalandi kaupi notaðar bifreiðar til endursölu en selji ekki í umboðssölu. Mikil viðskipti eigi sér stað milli bílasala þar sem hver og einn leggur eitthvað á verðið við sölu til þess næsta. Fyrstu liðirnir í keðjunni séu í reynd eins konar bílaheildsalar sem selji nær eingöngu til annarra bílasala. Síðari liðir í keðjunni auglýsa bifreiðarnar og reyna að ná til hins almenna neytanda. Að sögn umbj. m. skiptir mestu að reyna að komast sem næst upprunalegum eiganda í þessu ferli til að ná sem bestum verðum.

Kaupverð bifreiðarinnar A var DEM 19.720,00. Þar sem umrædd bifreið bar 16% virðisaukaskatt í Þýskalandi ber að draga hann frá þegar viðskiptaverð er fundið og það sama gildir um flutningsgjald sem seljandi tók á sig en skv. meðfylgjandi staðfestingu frá Interland GmbH var gjaldið DM 1.070,00. Viðskiptaverð bílsins er því DM 15.930,00. Listaverð bílsins skv. Schwacke verðlistanum er DM 22.800,00. Verð bílsins hækkar um 12% vegna ekinna kílómetra og rétt listaverð með virðisaukaskatti er því DM 25.536,00 en DM 22.014,00 án virðisaukaskatta. Þegar viðskiptaverð er borið saman við listaverð verður að draga virðisaukaskatt frá listaverði með sama hætti og gert er þegar viðskiptaverð er fundið. Mismunur á listaverði og viðskiptaverði er þannig 27,6% en mismunur skv. Dat Marktspiegel er 27%. Útreikningar umbjóðanda míns eru meðfylgjandi ásamt ljósritum úr viðkomandi listum. Svo virðist sem tollstjóri hafi ekki tekið tillit til þess við samanburð á listaverði og viðskiptaverði að OP er löggiltur bílasali í Þýskalandi. Af þeim sökum ber að miða við innkaupsverð bílasala skv. verðlistunum en ekki útsöluverð svo sem tollstjóri virðist gera í sínum útreikningum.

Umbjóðandi minn telur að tollstjóri hafi borið að leggja viðskiptaverð bifreiðarinnar til grundvallar við ákvörðun tollverðs. Umbjóðandi minn hefur í öllum tilvikum lagt fram lögmetta reikninga við innflutning bifreiða til landsins og hefur talið sig geta

treyst því að tollákvörðun yrði byggð á reikningunum sjálfum. Tollalög og raunar einnig reglugerð nr. 374/1995 slá þeirri meginreglu fastri að miða beri við viðskiptaverð vöru. Verður að telja að töluvert mikið þurfi til að koma til að reikningsverð verði ekki lagt til grundvallar og allan vafa í þessum efnum ber að meta innflytjanda í hag enda um verulega íþyngjandi ákvarðanir að ræða. Tollstjóri hefur enga tilraun gert til að færa að því sönnur að reikningur umbj. m. hafi verið rangur annað en að vísa í almenna viðmiðunarverðlista í Þýskalandi. Umbj. m. er og hefur ætíð verið reiðubúinn að veita allar þær upplýsingar um viðskiptin sem töllyfirvöld kunna að óska eftir. Áskorun til tollstjóra í kærðu dags. 9. apríl 1999 um leiðbeiningar um þau gögn sem tollstjóri teldi nauðsynleg til að sýna fram á réttmæti reikningsins var ekki sinnt. Umbjóðandi minn er því settur í þá ómögulegu aðstöðu að þurfa að sanna að reikningurinn sé réttur án þess að hafa hugmynd um hvaða gögn kynnu að teljast fullnægjandi í þeim efnum. Reikningurinn var gefinn út af viðurkenndu fyrirtæki í Þýskalandi og kemur fram í bókhaldi beggja fyrirtækja.

Meðal meginreglna samnings um framkvæmd 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti er að verðákvörðunaraðferðir eigi ekki að nota til að stemma stigu við undirboðum og að grundvöllur fyrir tollverði vöru eigi eftir því sem frekast er unnt að vera viðskiptaverð þeirrar vöru sem verið er að virða. Innflytjendur eiga ekki að gjalda þess að gera góð kaup þótt slík kaup kunni í einhverjum tilvikum að vera nokkuð undir því sem almennt tíðkast um sambærilega vöru. Þær skýringar sem umbjóðandi minn hefur gefið á því að verð umræddrar bifreiðar var lægra en það verð sem gefið er upp í viðmiðunarlistum hljóta að teljast fullkomlega eðlilegar.

Varakrafa umbjóðanda míns er að tollverð verði viðskiptaverð sams konar bifreiða sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma er reist á 10. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Tollstjóra ber skv. 1. mgr. þeirrar greinar að miða við viðskiptaverð sams konar vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma. Þótt fleiri en eitt viðskiptaverð finnist við slíka skoðun útilokar það ekki að tollverð verði ákvarðað skv. 10. gr. heldur ber skv. 4. mgr. greinarinnar að nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði vörunnar.”

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir gögn sem málsaðilar hafa lagt fram.

Í máli þessu er deilt um tollverð á bifreið af gerðinni Mercedes Benz E-220, fastanúmer A árgerð 1994. Innkaupsverð bifreiðarinnar nam samkvæmt framlögðum reikningi DEM 19.720. Virðisaukaskattur í viðskiptalandinu DEM 2.720 (16%) er dreginn frá. Flutningsgjald DEM 1.200 er samkvæmt framlögðum skjölum greitt af hinum erlenda seljanda. Söluverð bifreiðarinnar er því DEM 15.800.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10. - 14. gr. skal það ákvarðað “með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli upplýsinga hér á landi”, sbr. nánar 15. gr. reglugerðarinnar.

Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Þar segir m.a. í 20. gr. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessum tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá ríkistollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð 12%, vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt.

Þó það komi ekki beinlínis fram í hinum kærða úrskurði er ljóst að tollstjóri byggði ákvörðun sína á því, að skýringar kæranda á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar væri mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða í innkaupslandinu, væru ekki fullnægjandi. Ákvað hann því að beita 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun. Í gögnum málsins liggur jafnframt fyrir að hann hafi ekki talið sér fært að beita samanburðarreglum 10. til 14. gr. reglugerðarinnar við tollverðs-ákvörðunina, þar sem nauðsynleg gögn til staðfestingar á því að um sambærilegar bifreiðar væri að ræða, lágu ekki fyrir og því ekki hægt að tryggja nákvæma og réttmæta niðurstöðu á þessum grundvelli.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber ríkistollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur ríkistollstjóri lagt tollstjórum til ritið *DAT Marktspiegel*, sem er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Stuttgart og notað um allt Þýskaland, sem grundvallarrit um verð notaðra bifreiða þar í landi. Upplýsingar þær, sem þar er að finna, hafa ekki verið vefengdar af kæranda.

Fyrir liggur að reikningsverð bifreiðarinnar A er umtalsvert lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu *DAT Marktspiegel*, og raunar einnig ritinu *Schwacke*. Munurinn nemur um 27%. Enda þótt reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsverð, verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar.

Að mati ríkistollanefndar geta skýringar kæranda ekki skýrt þann mikla verðmun sem að framan er rakinn. Það er ekki með neinum hætti staðfest að kærandi sé löggiltur bílasali í Þýskalandi, auk þess sem ekkert liggur fyrir um það að slíkur aðili njóti betri kjara en hinn almenni kaupandi. Fullyrðing um að kærandi hafi reynslu og sambönd á þýskum bílamarkaði umfram aðra er heldur ekki studd neinum gögnum. Þá eru engin gögn í málinu sem styðja þá fullyrðingu kæranda að samdráttur í

bílasölu, einkum vegna bágs efnahagsástands í Rússlandi hafi leitt til lækkunar á markaði í Þýskalandi, sem ekki hafi komið fram í hinum útgefnu viðmiðunarlistum.

Í ljósi þess hve mikil frávik eru á reikningsverði hinnar innfluttu bifreiðar annars vegar og markaðsverði sambærilegra bifreiða hins vegar, m.v. uppgæfin verð í ritinu DAT Marktspiegel er framlagður reikningur ekki trúverðugur. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla rgl. nr. 374/1995 ekki hægt að fallast á aðalkröfu kæranda að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar.

Kærandi telur að ákvæði rgl. nr. 374/1995 skorti lagastoð og jafnframt að 10. gr. tollalaga kunni að brjóta í bága við 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sem er svohljóðandi: *"Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann."* Á þessi sjónarmið kæranda verður ekki fallist. Nefnd reglugerð hefur ótvíræða lagastoð í 10. gr. tollalaga, og ákvæði reglugerðarinnar eru í fullu samræmi við 8. og 9. gr. tollalaga. Jafnframt telur nefndin tilvitnuð lagaákvæði samræmast ákvæðum stjórnarskrár. Þar sem reglugerðin hefur lagastoð, er sett með lögformlegum hætti, og hefur ekki verið ómerkt af dómstólum, er eðlilegt að leggja hana til grundvallar í máli þessu eins og við getur átt, enda ekki á valdi ríkistollanefndar sem úrskurðaraðila á stjórnarsýslustigi að ýta til hliðar lögformlega settum lögum og reglum.

Kemur þá til skoðunar varakrafa kæranda um að beita skuli ákvæðum 10. gr. rgl. nr. 374/1995, þ.e. að við ákvörðun tollverðs hinnar innfluttu bifreiðar skuli leggja til grundvallar viðskiptaverð sams konar bifreiða sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma. Jafnframt kemur fram í 4. mgr. 10. gr. rgl. nr. 374/1995 að nota beri lægsta finnanlega verðið við ákvörðun á tollverði bifreiðarinnar með þessum hætti. Síðan eru nánari ákvæði í 11. til 14. gr.

Af hálfu ríkistollstjóra er varakröfu kæranda hafnað á þeim grundvelli að erfitt sé að bera þessa bifreið saman við aðrar áður innfluttar bifreiðar sömu tegundar. Taka má undir þetta með ríkistollstjóra. Þá er rétt að benda á að komið hefur fram opinberlega, m.a. í fjölmiðlum, að tollyfirvöld hafa ítrekað á undanförunum árum stöðvað innflutning bifreiða, eða gert athugasemdir við og endurupptekið tollafgreiðslur vegna áður innfluttra bifreiða, þar sem reikningsverð hafa talist ótrúverðug eða óeðlilega lág. Í mörgum tilvikum hafa tollyfirvöld getað lagt fram staðfestingar erlendis frá að framlögð reikningsverð séu mun lægri en raunkaupverð viðkomandi bifreiðar. Þá hafa verið gefnar út ákærur í nokkrum tilvikum á hendur innflytjendum þessara bifreiða, og refsidómar gengið þar sem sannast hefur að framlagðir reikningar hafa ekki verið réttir.

Það er mat ríkistollanefndar að ekki sé unnt að beita ákvæðum 10. til 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995 við ákvörðun tollverðs á þeirri bifreið sem hér er til umfjöllunar. Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra frá 21. apríl 1999, um tollmeðferð bifreiðarinnar A sem er af gerðinni Mercedes Benz E-220 árgerð 1994 og flutt var til landsins í sendingu nr. S ARN 10-03-9- DE HAM V021, skuli standa óbreyttur.